



Skóli Ísaks Jónssonar
Sjálfsseignarstofnun

Skólanámskrá SÍJ

Tónmennt – 4. bekkur

Söngur spilar stóran þátt í tónmenntakennslu í Ísaksskóla þar sem nemendur syngja fjölbreytt lög af söngdagskrá skólans. Einnig er unnið með frumþætti tónlistar; takt, tónhæð og tónstyrk í gegnum virka hlustun. Unnið er með tónlistarhugtök og ólíkar tónlistarstefnur. Nemendur leika á skólahljóðfæri og ásláttahljóðfæri og kynnast helstu hljóðfærafjölskyldunum. Nemendur undirbúa lagasafn af söngdagskrá fyrir upptöku á geisladisk. Einnig semja nemendur jólagag í samvinnu við nemendur Tónlistadeildar Listaháskóla Íslands sem er flutt á sal.

Matsviðmið

Tónmennt

Nefnt helstu hljóðfæraflokka eftir sjón og heyrn.

Nefnt hugtök sem lýsa hljóðfærum og hljóðblæ.

Tekið þátt í samsöng og sungið fjölbreytt lög af söngdagskrá.

Tekið þátt í spuna og notað röddina til hljóð- og tónsköpunar.

Greint og sagt frá ólíkum raddsviðum kvenna og karla sbr. sópran, alt, tenor og bassa.

Lært að leika á skólahljóðfæri létt þrástef eða annan undirleik með söng og fylgt stjórnanda í hljóðfæraleik.

Beitt frumþáttum tónlistar, s.s. tónhæð, hraða og tónstyrk.

Hljóðskreytt lög með ólíkum hljóðfærum og ýmsum hljóðgjöfum.

Tekið þátt í sköpun á tónverki í samstarfi við nemendur úr Tónlistardeild Listaháskóla Íslands í desember ár hvert.

Undirbúið lagasafn, æft til flutnings og flutt til upptöku á geisladiski sem er lokaverkefni í tónmennt í Ísaksskóla og fer heim að vori.

Greint frumþætti og efnisþætti í einfaldri tónlist út frá grafískri og hefðbundinni nótnaskrift og táknum. Þekkt mikilvægi þess að skrá og varðveita tónlist.

Greint að til eru ólíkar tegundir tónlistar og geti tjáð sig á einfaldan hátt um sögulegt og samfélagslegt samhengi tónlistar.

Beitt virkri hlustun, tjáð og jafnvel rökstutt upplifun sína.

Virgni og samskipti

Tekið virkan þátt í tímum og farið eftir fyrirmælum sem gefin eru.

Sýnt skólafélögum og starfsfólki virðingu, tillitssemi og kurteisi.

Námsmat

Kennari metur hæfniviðmið jafnt og þétt yfir skólaárið og birtir á Mentor. Námsmat skiptist á tvær annir; haustönn og vorönn. Kennari metur þau hæfniviðmið sem áhersla er lögð á hverju sinni og unnið hefur verið með. Til grundvallar námsmati liggja fjölbreytt verkefni, ástundun og kannanir.